

Djúpavogshreppur
Sveitarstjóri
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík 28. febrúar 2018
UST201712-213/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Teigarhorn, tillaga - Djúpavogshreppi

Vísað er til erindis Djúpavogshrepps er barst 29. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi jarðarinnar Teigarhorns.

Teigarhorn var friðlýst sem náttúruvætti árið 1975 og sú friðlýsing var endurnýjuð 15. apríl 2013. Á sama tíma var öll jörðin Teigarhorn friðlýst sem fólkvangur.

Umhverfisstofnun bendir á að ofangreint deiliskipulag hefur verið um nokkurn tíma í deiglu og sem forsjáraðili friðlýstra svæða hefur Umhverfisstofnun þ.e. starfsmenn stofnunarinnar komið að deiliskipulagsferlinu á fyrri stigum þ.m.t. í ráðgjafarnefnd Teigarhorns. Í nefndinni sitja fulltrúar annarra fagstofnana þ.e. jarðfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og sérfræðingur frá Minjastofnun.

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að ásókn ferðamanna inn á svæðið hefur aukist, og að innviðir í þágu ferðaþjónustu, verndunar, fræðslu og útivistar eru takmarkaðir á Teigarhorni. Þó hefur nokkur uppbygging átt sér stað frá árinu 2014. Einnig kemur fram að innviðauppbygging sé algjörlega nauðsynleg ef svæðið eigi að gegna hlutverki sínu, sbr. friðlýsingarákvæði náttúruvættisins og fólkvangsins, þar sem jarðminjar á svæðinu þola illa rask og óheftan ágang ferðamanna.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að ofangreind skipulagstillaga nær til jarðarinnar Teigarhorns samtals 2.010 ha og lands Djúpavogshrepps upp af Eyfreyjunesvík sem er 230 ha.

Vegstæði Hringvegjar

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að færa Hringveg þar sem hann fer framhjá bæjarstæði Teigarhorns og um Eyfreyjunesvík. Með færslu Hringvegjar er talið að skapist

margvísleg tækifæri til uppbyggingar innviða. Einnig verður færslan til þess að auka rými við þjónustumiðstöð og fá rými fyrir næg bílastæði.

Að mati Umhverfisstofnunar er líklegt að færsla Hringveggar hafa talsverð neikvæð áhrif á klettabelti, Langaklett fyrir ofan Teigarhorn, en ljóst er á uppdráttum að reynt hefur verið að fara á milli helstu klettamyndananna. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að varfærni verði gætt við framkvæmdirnar hvað varðar jarðminjar á svæðinu og stöðugt eftirlit verði við framkvæmdir. Mikilvægt er að ef jarðminjar með hátt verndargildi finnast við framkvæmdir s.s. eintök af zeolítum þá verði leitast við að sneiða hjá skerðingu þeirra en ef slíkar steindir losna, að þær verði varðveittir að Teigarhorni eða hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Mikilvægt er að við allan undirbúning á færslu Hringveggar verði tekið tillit til svæðisins og að gætt verði fyllstu varúðar við framkvæmdir og að forðast verði alla óþarfa röskun.

Í greinargerð kemur fram að í þingsáætlun um samgönguáætlun 2015 – 2026 er gert ráð fyrir fjárveitingu til færslu vegarins á árunum 2023 – 2026.

Þolmörk

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um þolmörk svæðis gagnvart ferðamennsku og mikilvægi þess að skipulag, hönnun og uppbygging innviða taki mið af þolmörkum svæðisins svo það tapi ekki verndargildi sínu.

Efnistaka

Í greinargerð kemur fram að á jörðinni eru tvær opnar efnisnámur. Önnur er á malaraurum vestan Búlandsár ofan Hringveggar áætluð stærð 40 þús. m² og efnismagn 60 þús. m³. Hin náman er í fjöru nokkru vestan við ósa Búlandsár, stærð er 15 þús. m² og efnismagn 30 þús. m³. Ekki kemur fram hvort nýta eigi efni úr námunum.

Aðkoma og bíla- og rútustæði austan Langakletts

Í greinargerð og á uppdrætti kemur fram að fyrsti viðkomustaður allra gesta sem heimsækja Teigarhorn er um bíla- og rútustæðið rétt austan við Langaklett. Áætluð bílastæði eru staðsett milli áætlaðs hringveggar og áætlaðrar þjónustumiðstöðvar. Umhverfisstofnun tekur undir að jarðvegsmön geti mögulega dregið úr neikvæðum áhrifum af völdum umferðar og kyrrstæðra bíla á upplifun fólk á bæjarsvæði. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að form falli að umhverfinu og að staðargróður verði notaður svo mönin skeri sig ekki frá nánast umhverfi hvað lit og gróður varðar.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um fráveitu og bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Þjónustubygging


Í greinargerð kemur fram að þjónustumiðstöð er áætluð á svæðinu sem hýsi móttöku, upplýsingaveitu og verslun, fjölnotasal, viðurkennt safn, geymslur, salerni og


snyrtiaðstöðu. Einnig þarf þjónustumiðstöð að hýsa skrifstofu, aðstöðu fyrir landvörð, eða samtals 770 m².

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um umhverfisáhrif þjónustumiðstöðvar. Umhverfisstofnun bendir þó á að vegna stærðar þjónustumiðstöðvar sem er áætluð 770 m², þá mun svo stór bygging verða áberandi í umhverfinu, og þarf að taka tillit til þess í áætlunum. Drög sem sýnd eru á myndum sýna byggingu í mismunandi einingum og mun það að brjóta hana upp í formi sem er jákvætt.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Sigrún Agúsdóttir
Sviðsstjóri